



# Fasteignaálagning Skorradalshrepps árið 2023

Skýringar á álagningu fasteignagjalda og almennar tilkynningar. (**Álagningarseðlar eru inn á island.is**)

## 1. Fasteignaskattur

Álagning fasteignaskatts er gerð samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4, 30 janúar 1995 og breytingum á þeim lögum, en þar segir meðal annars:

*"Leggja skal árlega fasteignaskatt á allar fasteignir sem metnar eru í fasteignamati 31. desember á næstliðnu ári, sbr. þó 5. gr. Stofn til álagningar fasteignaskatts á allar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.*

*Skatturinn skal vera sem hér segir:*

*a. Allt að 0,5% af álagningarástofni:*

*Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, úthús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.*

*b. Allt að 1,32% af álagningarástofni:*

*Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðishjónustu, skóla, heimavistir, leikskóla, íþróttahús og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðaréttindum.*

*c. Allt að 1,32% af álagningarástofni:*

*Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnaði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.*

*Heimilt er sveitarstjórn að hækka um allt að 25% hundraðshluta þá, sem tilgreindir eru í 3. mgr. þessarar greinar, samkvæmt öðrum hvorum eða báðum staflidum."*

**Sveitarstjórn ákvað á fundi 13. desember 2022 að skattprósentur A og C-flokks verði óbreyttar og eftifarandi: Í A-flokki 0,45% og í C-flokki 1,28% skatthlutfall.**

## 2. Sorpjald:, samkv. gjaldskrá nr. 352/2023

Sorpjald ákvarðast af sveitarstjórn.

**Sorpjald 1** 33.000 kr.

Lögbýli með búskap, tjaldsvæði og önnur atvinnustarfsemi.

**Sorpjald 2** 28.000 kr.

Lögbýli án búskapar, íbúðir.

**Sorpjald 3** 16.500 kr.

Frístundahús, fullgerð eða í byggingu samkvæmt HMS.

**Járna- og timburgámar eru staðsettir á milli Indriðastaða og Mófellstaða. Vinsamlegast setjið ekki þessháttar úrgang í lokaðu grænu gámanna, en þeir eru aðeins fyrir heimilisúrgang.**

**3. Gjald fyrir rotþróarhreinsun:, samkv. gjaldskrá nr. 351/2023, uppreiknað miðað við 1. janúar 2023.**

**Rotþróargjald** 16.500 kr.

**Rotþró minni en 6000 lítra.**

Vísast annars í gjaldskrá um stærri rotþrær og eins með aukalosanir

**Lagt rotþróargjald á allar byggingar sem eru tengdar rotþró. Síðasta almenna hreinsun var haustið 2021, en losað er 3 ára fresti. Álagt rotþróargjald ársins er ¼ af kostnaði við tæmingu á rotþró.**

**Hægt er að sjá hvenær rotþró var tæmd með að fara inn á kortavefsjá.**

**<https://www.map.is/skorradalur/> - Haka síðan við veitur í valglugga þar.**

**Hægt að fá árlega losun, þar sem mikil notkun er s.s. félagabústaði, en þá margfaldast rotþróargjaldið með þremur. Beiðni um slíkt skal senda á [skorradalur@skorradalur.is](mailto:skorradalur@skorradalur.is)**

Ef athugasemdir eru varðandi álagningu fasteignagjalda, þá sendast þær skriflegar til Skorradalshrepps.

Ef athugasemdir eru varðandi fasteignir eða matshluta, þá sendast þær til byggingafulltrúa Skorradalshrepps, Hvanneyrarbraut 3, 311 Borgarnes. S: 431-1020, netfang: [bygg@skorradalur.is](mailto:bygg@skorradalur.is)

## Innheimta:

Ef heildarálagning gjalda er undir kr. 60.000,- er einn gjalddagi, annars þrír.

**Búið er að stofna innheimtukröfu/kröfur í heimbanka vegna gjaldadaganna. Greiðsluseðlar eru finnast undir rafrænum skjölum í heimbanka. Greiðslubanki er 0326. Ekki verða sendir út greiðsluseðlar en hægt að prenta út álagningarseðil á island.is og fara með hann í banka.**

**Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga!**

**Eftir eindaga verður innheimtan sent Motus til innheimtu, og bætast við ítrekunargjöld samkvæmd gjaldskrá.**

**Einnig er minnt á heimasíðu Skorradalshrepps [www.skorradalur.is](http://www.skorradalur.is)**